

**Yfirlitsræða Jóns Sigurðssonar formanns Framsóknarflokksins  
á 29. flokksþingi framsóknarmanna 2. mars 2007.**

Ágætu samherjar, framsóknarmenn, kæru vinir

Ég býð ykkur hjartanlega velkomin til 29. flokksþings framsóknarmanna sem er framhald frá fundum flokksþingsins á síðastliðnu sumri. Þetta flokksþing er málefnaþing til að fjalla um og ákvarða kosningastefnu framsóknarmanna fyrir alþingiskosningarnar á vori komanda. Sérstaklega þakka ég ykkur sem komið til þings um langan veg.

Við höldum upp á níutíu ára afmæli Framsóknarflokksins í desember með veglegum hætti. Og vissulega lítum við með stolti yfir farinn veg og minnumst vel unninna verka.

Forysta flokksins hefur farið á hátt í þrjátíu góða fundi með flokksmönnum um land allt, enda sækir forystan þróttinn til grasrótarinnar. Fundarsókn var góð og góður andi og samstaða meðal flokksmanna.

Við fögnum Sigfúsi Inga Sigfússyni til nýrra starfa fyrir flokkinn sem framkvæmdastjóri um leið og við þökkum Sigurði Eyþórssyni, fráfarandi framkvæmdastjóra, fyrir störf sín. Mikil vinna hefur verið við undirbúning flokksþingsins, og vil ég þakka, meðal annars starfsmönnum flokksins, málefnanefndinni og vinnuhópum hennar undir forystu G. Valdimars Valdimarssonar, svo og öðrum þeim sem að hafa unnið fyrir mikið verk.

Staða og horfur í íslenskum stjórnámálum staðfesta mikilvægi Framsóknarflokksins fyrir alhliða velferð þjóðarinnar og framfarir í landinu. Það er mikil ástæða fyrir Framsóknarmenn að halda vöku sinni því að ýmsir aðrir sækja nú inn á miðju stjórnálanna í atkvæðaveiðum.

Við framsóknarmenn, og allir Íslendingar, höfum ríkar ástæður til ánægju með fenginn árangur. Um þetta tala staðreyndirnar sínu máli. Við þurfum að eflast að sjálfvitund og stolti af flokknum okkar.

Andstæðingar okkar hafa hátt um það að hér fari flest í handaskolum – á tíma bestu lífskjara og mestu kaupmáttaraukningar sem orðið hefur í sögu þjóðarinnar. Þeir tala um hagstjórnarmistöð – á tíma þegar unnt er að nota sterka stöðu ríkissjóðs til lækkana á verðlagi matvöru, til menntamála og síðast en ekki síst til velferðarkerfa landsmanna, heilbrigðis- og félagsmála.

Það var alkunnugt fyrir fram að þensla yrði hér á landi meðan stórframkvæmdirnar stæðu yfir á Austurlandi. Það lá líka fyrir að það yrði áreynsla við endursköpun húsnæðismálanna, og alveg sérstaklega eftir tilraunir viðskiptabankanna til að brjóta Íbúðalánasjóð á bak aftur. En nú er þessi hagsveifla að ganga niður eins og ríkisstjórnin hefur stefnt að.

Eftir standa arðbær mannvirki sem skapa vinnu og tekjur og verðmæti í þjóðarbúið og marka tímamót í atvinnumálum, ekki síst á landsbyggðinni. Og það hefur orðið bylting í íbúðalánamálum sem var einmitt staðfest með breytingum á lánaframboði Íbúðalánasjóðs upp í 90% aftur um þessi mánaðamót.

Í þessu öllu er merkur árangur í framþróun og framsókn íslensku þjóðarinnar.

Ágætu framsóknarmenn

Lítum á nokkur dæmi um árangur og framþróun á Íslandi á síðustu árum. Það skiptir máli að leiðrétta margs konar misskilning og rangfærslur í þeim efnum.

Ísland er ár eftir ár í hópi þeirra landa þar sem best er að búa og lífskjör eru best samkvæmt upplýsingum Sameinuðu þjóðanna. Ísland hefur lengi verið í efstu sætum og er nú í öðru sæti. Á þessum listum er tekið tillit til mjög margra þátta. Fyrir rúmri öld voru Íslendingar fátæk þjóð en eru nú ein ríkasta þjóð heims.

Þetta er ekki lítils virði.

Á Íslandi eru um 70% orkunýtingar hrein og endurnýjanleg orka, og meira en 90% alls húsnæðis er hitað með jarðhita. Ekkert annað land kemst í hálfkvisti við Ísland að þessu leyti og flest Evrópulönd eru langt innan við 20%.

Hvernig geta menn komist upp með að telja fólki trú um að hér sé allt í kaldakoli í umhverfismálum?

Ekkert er fjær sanni.

Sjávarútvegurinn var gjaldþrota þegar fiskveiðistjórnarkerfið var sett upp en skilar núna hagnaði og stendur undir uppbyggingu víða um land. Þessum undirstöðuatvinnuvegi var bjargað frá hruni.

Hafa aðrar raunhæfar og framkvæmanlegar tillögur komið fram í þessum málaflokki?

Heilsugæsla og heilbrigðiskerfi á Íslandi eru með því sem allra best gerist í heiminum. Raunútgjöld hafa hækkað mjög verulega á síðustu árum. Allar alþjóðlegar upplýsingar skipa Íslendingum í fremstu röð í þessum málaflokki.

Þessu þarf að halda vel á lofti. Það er sannarlega erfitt að gera betur.

Útgjöld til málefna aldra hafa verið aukin langt umfram verðlagsþróun og hafa aldrei verið hærri að raungildi en einmitt nú. Betur má enn gera og vænti ég þess að flokksþingið samþykki merkar ályktanir um myndarlegt átak í þessum efnunum.

Á þessu sviði hafa orðið miklar framfarir sem ástæða er til að minna rækilega á.

Atvinnuleysi var mikið þegar framsóknarmenn tóku sæti í ríkisstjórn fyrir tólf árum. Atvinnuleysi er nú minnst á Íslandi af öllum Evrópulöndum og þótt víðar væri leitað.

Mönnum hættir til að gleyma liðnum erfiðleikum þegar allt leikur í lyndi.

Í alþjóðlegri könnun nýlega var Ísland talið í efsta sæti meðal Evrópulanda hvað samkeppnishæfni snertir. Hagvöxtur á Íslandi er miklu meiri en víðast annars staðar og tekjur alls almennings hafa vaxið mjög á síðustu árum. Hvert sem litið er blasa við framkvæmdir og velmegun.

Það er líka ástæða til að minna rækilega á þetta.

Skipulagsbreytingar og einkavæðing ríkisfyrirtækja hefur orðið mikil lyftistöng fyrir þjóðarþúið og greiða þessi fyrirtæki nú milljarða á milljarða ofan í skatta. Ungt kjarkmikið og snjallt forystulið leiðir útrás þessara fyrirtækja sem er ævintýri líkust. Mörg þúsund manns hafa fengið vel launuð störf hjá þessum fyrirtækjum. Áður þurfti ríkissjóður að hlaupa undir bagga með bönkunum en fær nú milljarðagreiðslur frá þeim.

Bylting hefur orðið í menntamálum, einkum háskóla- og rannsóknámálum. Námsfólki fjölgar stórkostlega á háskólastigi og sprenging hefur orðið í fjölda í doktorsnámi. Á þessu sviði þurfum við að gera ennþá betur á næstu árum. Nú á tímum heimsvæðingar verður þjóðin að vera í allra fremstu röð í menntamálum. Þetta er grundvallaratriði sem við verðum að leggja alla áherslu á.

Ísland er orðið land tækifæranna.

Ágætu félagar

Nú er ókyrrð í íslenskum stjórnámálum og allra veðra von. Líkur benda til að stjórnarandstaðan sé að klofna í ennþá fleiri flokka en verið hefur. Þetta er að sönnu nokkurt merki um lifandi lýðræði en þetta sýnir engin merki um samstöðu innan stjórnarandstöðunnar.

Stjórnarflokkarnir eru ólíkir flokkar með ólíkar áherslur. Við erum ósammála um umfang einkavæðinga, samfélagshlutverk markaðarins, byggðaframlög, velferðarþróun og fleira. Við framsóknarmenn stöndum fast á okkar málum í baráttunni innan ríkisstjórnar sem utan þótt ágreiningur sé ekki alltaf borinn á torg. Framsóknarmenn og sjálfstæðismenn hafa lengi tekist á í íslenskum stjórnámálum og það er margt sem ber í milli þessara flokka.

Mikil togstreita einkennir Samfylkinguna, milli þeirra sem vilja samstarf við vinstri græna og hinna sem vilja helst vinna með sjálfstæðismönnum, eins og fram kom nýlega í viðtali Morgunblaðsins við flokksformanninn. Og innan Samfylkingarinnar er djúpstætt vantraust svo sem fram kom í óvenjulegum ummælum flokksformannsins um þingflokk sinn fyrir nokkru.

Sumar yfirlýsingar vinstri grænna vekja furðu. Ofstopi þeirra á landsfundi um daginn hefur gengið fram af flestum landsmönnum. Einn foringi þeirra telur að það skipti litlu þótt fjármálastofnanir hverfi úr landi. En hann minntist ekki á áhrifin á viðskiptalíf þjóðarinnar, á tekjur ríkissjóðs, almennt atvinnuöryggi eða sjálfstæði okkar yfirleitt. Hann vill jafna tekjuskiptinguna í landinu með því að valda almennri tekjuskerðingu og afturför. Annar leiðtogi vinstri grænna óskar þess að mannvirkin miklu á Austurlandi mættu standa ónotuð. Það er ekki að spyrja um skilninginn á tekjuöflun í atvinnulífinu, á verðmætasköpun og hagþróun og á atvinnuþróun á landsbyggðinni.

Frjálslyndi flokkurinn var stofnaður utan um óánægju og ótta fólksins í byggðunum en hefur verið að leita sér að málefnaþrunni í ofstæki með skelfilega óheppilegum hætti.

Það þarf betri valkosti fyrir íslensku þjóðina en þessi andstöðuöfl. Menn verða að átta sig á þörfum og tækifærum í nútímaþjóðfélagi á Íslandi. Menn verða að svara því hvernig þeir hyggjast standa undir menntakerfi og velferðarkerfi með styrk í hagkerfinu og tekjugrunni ríkissjóðs.

Fram undan er lending frá þensluástandi umliðinna mánaða. Spáð er 2,2% hagvexti á þessu ári og 3,8% verðbólgu, en hún var 6,8% á liðnu ári. Viðskiptahallinn, sem að nokkrum hluta fer til arðbærra fjárfestinga, verður á þessu ári um 14,5% af landsframleiðslu en var um 22,4% á liðnu ári. Mestu máli skiptir að atvinnuöryggi verður áfram gott og kaupmáttaraukning ráðstöfunartekna á árinu 2007 verður væntanlega um 4,6%. Þetta er sannarlega ágætur árangur.

Á alla alþjóðlega mælikvarða má sjá að íslenska samfélagið stenst samanburð meðal þess sem best gerist og er framþróun síðustu ára með ólíkindum, og erlendis stundum talað um íslenska undrið.

Sannleikurinn er sá að umliðið stjórnartímabil framsóknarmanna er eitthvert mesta framfaraskeið í allri sögu þjóðarinnar. Framsóknarmenn hafa staðið við orð sín um atvinnuþróun og atvinnuöryggi, um kaupmáttarþróun, námslánaþróun og framfarir í velferðarmálum. Og við höfum efnt orð okkar um skynsamlega nýtingu auðlinda lands og sjávar til hagsbóta almenningi.

Með raforkulögum frá 2003 lauk tímabili þáverandi virkrar stóriðju- og virkjanastefnu stjórnvalda en iðnaðarráðuneytið er orðið að nýsköpunarráðuneyti og umhverfísráðuneytið hefur veigamiklu hlutverki að gegna. Eftir sem áður koma stjórnvöld víða að þessum málum. Þjóðin hefur náð miklum árangri í þessum efnum og nú leggja framsóknarmenn megináherslu á þjóðarsátt um framtíðarstefnu. Ísland er til fyrirmyndar í heiminum í notkun hreinna endurnýjanlegra orkugjafa og í sjálfbærum orkubúskap. Við viljum skynsamlega og ábyrga atvinnumálastefnu og umgangast ættjörðina og auðlindir hennar af ráðdeild, varúð og virðingu héðan í frá sem hingað til.

Ágætu samherjar

Núverandi ríkisstjórn er umbótasinnuð velferðarstjórn, ekki síst vegna áhrifa okkar framsóknarmanna. Nú er komin til framkvæmda árleg vísitölutenging skattleysismarka og styðst við óvenju sterka stöðu ríkissjóðs. Rétt er að minna á að hlutfallsleg skattbyrði skiptir ekki öllu máli. Það er kaupmátturinn og rauntekjur eftir skatta sem mestu máli skipta. Nýlegar upplýsingar staðfesta að jöfnuður er mikill á Íslandi miðað við langflestar aðrar Evrópuþjóðir. En ýmislegt má bæta og jafna fyrir þá sem höllum fæti standa, og verkefnin bíða hvarvetna framundan fyrir bjartsýni og framfarahug.

Skattalækkarnir ríkisstjórnarinnar nú nema um 22 milljörðum króna. Ákvarðanir um eflingu velferðakerfanna til handa öldruðum og öryrkjum nema tæpum 30 milljörðum króna á næstu fjórum árum. Almenn hækkun lífeyris var ákveðin á síðasta sumri og hann hefur hækkað síðan. Tekjuskerðingar hafa verið minnkaðar í bótakerfum Tryggingastofnunar og mun hlutfallið minnka úr 45% niður í rúmlega 38%. Upp hefur verið



tekið sérstakt frítekjumark í tekjutryggingu og hækkanir ákveðnar fram undan. Auk þessa hefur verið ákveðið að draga úr skerðingu vegna atvinnu- og lífeyrissjóðstekna maka. Samið hefur verið um að létta örorkukostnaði af lífeyrissjóðunum. Svonefndir vasapeningar aldraðra á stofnunum hafa verið hækkaðir um 25%. Með lagabreytingum um sveigjanleg starfslok er fólki gert kleift að fresta töku lífeyris og leiðir það til hækkana síðar. Aukið fé hefur verið sett í heimahjúkrun. Aldrei hefur áður verið gert slíkt átak í málefnum aldraðra. Vaxtabætur hafa verið tryggðar, meðal annars með meira en 25% hækkun grunnviðmiðunar. Auk þessa er unnið að margháttuðum velferðarmálum og umbótum í málefnum fatlaðra og geðfatlaðir hafa vissulega hlotið mikla athygli. Veruleg hækkun verður í framlögum til menntamála. Og loks nefni ég átak í málefnum innflytjenda, meðal annars í íslenskukennslu og aðlögun þeirra.

Nú um mánaðamótin koma ákvarðanir um lækkun virðisaukaskatts, vörugjalda og tolla af matvöru og fleiri vörum til framkvæmda. Algeng verðlækkun matvöru er milli 6 og 7% en gert er ráð fyrir því að verðlækkun sé að jafnaði 9–12%, en auk þess lækkar verð á rafmagni til húshitunar, á veitingaþjónustu og gistingu og á bókum, blöðum, ritföngum og hljómdiskum. Ekki þarf að orðlengja hvílík almenn kjarabót verður að þessum aðgerðum.

Af öðrum vettvangi má nefna Vatnajökulsþjóðgarðinn sem verður stærsti þjóðgarður Evrópu og er mjög merkilegur áfangi í náttúruverndarmálum. Fram eru komin frumvörp um meginreglur umhverfisréttar og um framkvæmd Kyoto-samkomulagsins. Samningar um málefni landbúnaðarins treysta stöðu hans og búa hann undir nýja alþjóðasamninga. Lýst hefur verið þeim nýju framtíðarhorfum sem við

blasa í íslenskum öryggis- og varnarmálum og marka tímamót. Enn fremur nefni ég væntanleg lög um heildaráætlun um nýtingu og vernd auðlinda landsins. Með þeim er vörðuð leið til þjóðarsáttar í þessum mikilvæga málaflokki og stórmerkum áfanga náð í atvinnuþróun, auðlindanýtingu og náttúruvernd á landi hér. Með því eru einnig stigin skref til auðlindagjalds á orkusviði sem getur í framtíðinni orðið grunnur að auðlindasjóði þjóðarinnar, til þjóðþrifaverkefna eða til endurgreiðslu af arði auðlindanna til almennings, svipað því sem Alaskamenn hafa gert.

En margt er enn ógert. Við framsóknarmenn leggjum ákaflega þunga áherslu á að staðið verði við það ákvæði í samstarfssamningi ríkisstjórnarinnar sem kveður á um sameign þjóðarinnar á auðlindum. Við teljum þetta skipta afskaplega miklu.

Góðir samherjar

Um leið og ég ítreka fyrri yfirlýsingu varðandi Írak viljum við staðfesta vilja okkar til að taka þátt í uppbyggingar- og líknarstörfum erlendis og ítreka stuðning okkar við ályktanir Sameinuðu þjóðanna.

Enn hrannast óveðursskýin upp í Miðausturlöndum. Við hljótum að binda vonir við að alþjóðasamfélaginu auðnist að stilla til friðar og sáttar. Íslendingar munu aldrei styðja það að kynt sé undir ófriði. Þunga áherslu ber að leggja á náið samráð við lögmæltar stofnanir í öllum þessum málum.

Afstaða Íslendinga til Evrópusambandsins hefur lengi verið til umræðu. Framsóknarmenn vilja taka virkan þátt í málefnalegum umræðum um allar hliðar Evrópumála og gjaldeyris- og viðskiptamála. En við eigum

sjálf að velja tímenn til stefnuákvarðana um slík efni. Og slíkar ákvarðanir eigum við að taka á grundvelli styrkleika okkar og eigin metnaðar sem frjáls þjóð. Það er ekki sanngjarnt að kenna íslensku krónunni um verðbólgu eða háa vexti. Fleira kemur til skoðunar í því samhengi. Við teljum ekki tímabært að taka núverandi afstöðu Íslands til endurmats fyrr en við höfum tryggt hér langvarandi jafnvægi og varanlegan stöðugleika í efnahags-, atvinnu- og gjaldeyrismálum. Slíkt tekur ekki minna en 4–5 ár. Á þeim sama tíma breytast bæði samfélag okkar og Evrópusambandið sjálft og því eru langtímaákvarðanir um breytta stefnu ekki tímabærar nú. Við höfnum því að Íslendingar láti hrekja sig til aðildar vegna einhverra vandræða eða uppgjafar. Við eigum sjálf að skapa okkur örlög sem metnaðarfull og frjáls þjóð.

Grundvallarstefna framsóknarmanna er skýr og kunn. Við erum alhliða þjóðlegt umbótaafli á miðju stjórnmálanna. Við aðhyllumst hugsjónir um samvinnu og þjóðlega félagshyggju. Félagshyggja okkar er ekki sósíalísk heldur þjóðhyggja og á rætur í baráttu Íslendinga fyrir þjóðfrelsi, endurreisn og framförum. Við leggjum áherslu á þjóðleg, félagsleg og mannúðleg gildi í samfélaginu. Við teljum mikilvægt að hófsemi og sanngirni ráði úrslitum um athafnir. Þjóðin nýtur ávaxtanna af frjálsu viðskiptalífi og markaðshagkerfi en við teljum jafnframt að markaðslögmálin eigi að lúta mannúðlegum, siðferðilegum og menningarlegum skilmálum, því að við setjum manngildi ofar auðgildi.

Hugsjónir framsóknarmanna eru tengdar lífsbaráttu fólksins enda segjum við gjarnan að þær séu hugsjónir í vinnufötum. Framsóknarmenn eru og verða metnir af verkum sínum og árangri. Við látum verkin tala. Atvinnuöryggi og góður kaupmáttur allrar þjóðarinnar og í öllum byggðum landsins er grundvallaratriði að mati framsóknarmanna.

Sem fyrr verðum við að aðgreina okkur vel sem framsóknarmenn í kosningabaráttunni. Stjórnarsamstarfið hefur gengið ágætlega en það liggur fyrir að áherslur stjórnarflokkanna eru ólíkar. Og ekki fer á milli mála að margt er til ágreinings milli okkar og annarra flokka. En bæði frá hægri og vinstri eru menn að laumast inn á miðjuna og blekkja fólk til fylgilags við sig með fagurgala.

Keppni annarra flokka til að ryðjast inn á miðjuna sýnir ljóslega mikilvægi Framsóknarflokksins. Það fer alls ekki á milli mála að styrkur og fylgi framsóknarmanna ræður alveg úrslitum um það hvers konar stjórn og stjórnarstefna verður á landi hér. Áhrifamikill Framsóknarflokkur er trygging fyrir þjóðlegum sjónarmiðum, velferðarstefnu og virkri atvinnumálastefnu fyrir alla landsmenn í öllum byggðum landsins. Við viljum axla ábyrgð og erum reiðubúin áfram til ábyrgra starfa. En engin skuldbinding hefur verið gefin um stjórnarsamstarf eftir kosningarnar, hvorki við einn né annan. Við látum málefnið ráða.

Það er auðvitað ljóst að áhrif og styrkur Framsóknarflokksins í komandi kosningum ræður úrslitum um samstarf við aðra eftir kosningarnar og hvort úr slíku verður yfirleitt eða ekki. Staða okkar hefur að sönnu verið að eflast nokkuð upp á síðkastið en miklu betur má ef duga skal. Við erum miðjuflokkur sem verður að vinna til fylgisins í sérhverjum kosningum, og framundan er hörð barátta. Við verðum bæði að hlusta vel á skilaboð fólksins og vanda málflutning okkar sjálfra.

Það skiptir öllu máli að okkur takist að gera landsmönnum grein fyrir þessu að styrkur Framsóknarmanna ræður úrslitum.

Framsóknarflokkurinn stendur öllum flokkum framar í því að bjóða konum og ungu fólki forystuhlutverk. Hvað svo sem aðrir reyna, þá er Framsóknarflokkurinn einn fær um að vera alhliða þjóðlegt og frjálst um bótaafli á miðju stjórnmalanna. Við erum nefnilega samvinnufólkið sem kann að leiða aðra til árangursríks samstarfs um hagsmunamál allrar þjóðarinnar. Enn og aftur segjum við: Varist ódýrar eftirlíkingar.

Andstæðingarnir hafa mestan áhuga á útgjaldapólitík en lýsa áhugaleysi og skilningsskortir á öflun og sköpun fjármuna í atvinnulífinu og sumir þeirra lýsa beinlínis andúð á arðvænlegu atvinnu- og viðskiptalífi og á skattakerfi sem felur í sér hagræna hvata. Og sumir andstæðingar eru farnir að tala um stöðvun á alla iðnþróun um eitthvert árabíl. Ég vara við slíkum hugmyndum sem leiða af sér svokallaða stopp-start-vitleysu í hagstjórn eða stopp-stopp sem er ennþá verra. Þeir sem slíku halda fram hafa ekki áttað sig á aðstæðum í nútímahagkerfi og nútímasamfélagi.

Ágætu félagar

Framsóknarmenn höfðu forgöngu um nýja löggjöf um fjármál stjórnmalaflokkanna. Hún gerbreytir öllum aðstæðum í kosningastarfi og setur skorður við umsvifum, til dæmis í auglýsingum. En nýju lögin losa lýðræðið undan ýmsum ytri áhrifum og það skiptir mestu. Ég get lýst því yfir að við erum reiðubúin til viðræðna við aðra stjórnmalaflokka um miklar takmarkanir á útgjöldum og auglýsingum í kosningabaráttunni fram undan og við lýsum eftir afstöðu annarra flokka í þessu máli.

Nú hafa framsóknarmenn í öllum kjördæmum kynnt framboðslista flokksins. Þeir eru glæsilegt mannaval. Þar er fólk af öllum stigum samfélagsins, ungt og rosíð, konur og karlar, fólk úr atvinnulífi og

viðskiptum, bændur, fiskimenn, iðnaðarmenn, verslunarmenn, fólk úr menntalífi og háskólasamfélagi. Skipting milli kynjanna og kynslóðanna er jöfn. Alls staðar náðist sameiginleg niðurstaða og sterkur samhljómur framsóknarmanna að baki framboðunum.

Það er sannarlega glæsileg fylking sem gengur fram undir merkjum Framsóknar í þeim kosningum sem í hönd fara nú í vor. Ráðherrar flokksins, jafnmargar konur sem karlar, skipa efstu sætin á framboðslistunum og þeir ásamt öðrum þingmönnum flokksins munu veita öfluga forystu í baráttunni framundan. Ráðherrar Framsóknarflokksins standa með glæsibrag, hver á sínum vettvangi og mynda glæsilega forystusveit. Hvarvetna eru framsóknarmenn til fyrirmyndar, alþingismenn flokksins, sveitarstjórnarmenn og sterk fylking almennra flokksmanna og stuðningsfólks.

Jafnrétti kynjanna er sjálfsagt og eðlilegt markmið í stjórnámálum og öllum samfélagsmálum yfirleitt. Oft er mikið talað en minna gert. Í Framsóknarflokki er staðan sú að af sex ráðherrum eru þrjár konur og þrír karlar – fullt jafnrétti. Þrjár konur leiða lista okkar og þrír karlar – fullt jafnrétti. Heildarhlutföll á framboðslistum eru næsta jöfn. Við höfum nú þegar náð árangri sem við óskum að aðrir nái einhvern tíma líka.

Ágætu samherjar

Valkostirnir eru skýrir í kosningabaráttunni. Það er merkilegt að fylgjast með andstæðingunum um þessar mundir. Þeim liggur greinlega á til valda, eins og það sé þeirra hinsta tækifæri. Þeir kasta fram eyðsluloforðum og yfirboðum, hóta að stöðva alla atvinnuþróun en skjalla

síðan sjálfa sig með alls konar skrautfjöðrum. Þeir hyggjast bjóða til eyðsluveislu á kostnað almennings.

Ég hvet alla til að kynna sér stefnuskrár og málflutning stjórnmalaflokkanna. Það rennur hræðslufát á suma og ofurdramb einkennir aðra. Almennitur verður að kynna sér hóflaus eyðsluþlön þessara manna. Þeir virðast ætla að leggja ríkissjóð í rúst á mettíma. Íslenskur almenningur á mikið undir því að stjórnarstefnan verði áfram ábyrg og frjálslýnd framfarastefna. Hagsmunir alls almennings eru tengdir ábyrgri hófsamlegri stjórnarstefnu.

Nú er einmitt spurt um þetta: Hverjum er best treystandi? Nú þarf þrotlaust starf til að tryggja varanlegan stöðugleika í efnahags- og atvinnumálum, með þjóðarsátt um auðlindamálin og framför í velferðarkerfum þjóðarinnar.

Og það er spurt um þetta: Hverjum er treystandi til að halda sig að þessu verki og ljúka því með sóma?

Valkostirnir eru skýrir. Þetta verður hlutverk okkar framsóknarmanna. Þetta er sögulegt hlutverk okkar fyrir þjóðina.

Ágætu félagar

Þetta flokksþing mun móta kosningastefnuskrána og þær sérstöku áherslur sem mestu skipta í baráttunni.

Við hvetjum allt stuðningsfólk Framsóknarflokksins til átaks og dáða. Við óskum eftir málefnalegum dómi kjósenda og munum lúta honum, en

Í ljósi verka Framsóknarmanna erum við líka bjartsýn. Við leggjum verk okkar og áherslur í dóm fólksins. Nú skulum við þetta raðirnar í víglínunni og sækja djarflega fram. Langsamlega stærsti hluti íslenskra kjósenda er ábyrgt og hugsandi fólk á miðjunni. Þar er meginfylgið og þar hafa framsóknarmenn ævinlega haft sterka skírskotun og fengið sterkan byr í kosningum á liðnum áratugum. Á miðjunni eigum við að sækja fram gegn áhlaupum andstæðinganna. Miðjan er kjölfestan, þjóðlega umbótafylgið, og aðrir flokkar eiga þar það eitt erindi að blekkja og veifa eftirlíkingum.

Framtíðarsýn framsóknarmanna er skýr og hrifandi. Við viljum halda áfram að þroska og móta þekkingarsamfélag með fjölgandi glæsilegum lífstækifærum fyrir alla landsmenn, allar byggðir landsins og komandi kynslóðir. Við leggjum áherslu á sanngjarna dreifingu velferðar til allra landsmanna og allra byggða landsins. Og við viljum beita ráðdeild, varúð og virðingu við nýtingu og vernd auðlinda landsins og fagurrar náttúru. Við viljum efla sterkt samkeppnishæft atvinnu- og viðskiptalíf sem stendur undir miklum greiðslum til menntakerfis og velferðarkerfis. Sérstaklega viljum við horfa til aðstöðu og tækifæra nýsköpunar- og sprotafyrirtækja og byggja upp kraftmikla viðskiptamiðstöð hér á landi. Við viljum tryggja afkomu aldraðra og annarra lífeyrisþega og vinna áfram að bættum hag þeirra. Við viljum öfluga menntasókn enda er víðfeðmt og fjörmikið menntakerfi undirstöðuatvinnuvegur allra annarra atvinnuvega í þjóðfélagi 21. aldar. Á næstu árum þarf að auka fjölbreytni í háskólastarfi hérlendis með starfsmenntaháskóla sem leggur áherslu á fræðslu, þjálfun, ráðgjöf og hagnýtar rannsóknir fyrir atvinnulífið.

Atvinnustefna framsóknarmanna miðast við sóknarfæri þekkingarsamfélagsins. Þar skipta mestu máli nýsköpun og



sprotafyrirtæki, margs konar þjónustustörf, fræðslustarfsemi, vísinda- og tæknistörf og þekkingarfyrirtæki, aðallega smá og meðalstór fyrirtæki í fjölbreytilegum blóma framtaks og umsvifa, tilrauna og nýbreytni. Orkufrekur iðnaður hefur líka hlutverki að gegna, eins og hefðbundnar atvinnugreinar, en þungamiðjan og megináherslurnar hvíla á hvers konar þjónustu, hönnun og annarri listrænni starfsemi, menningar- og menntastörfum, ferðaþjónustu og sérgreindri gæðaframleiðslu sem býður hátekjustörf.

Við framsóknarmenn setjum manngildi ofar auðgildi og við viljum efla íslenska þjóðmenningu. Við viljum setja þjóðlega félagshyggju og samvinnuhugsjónir í öndvegi. Við stefnum að framför landsins alls, allra byggða og þjóðarinnar allrar. Við leggjum áherslu á að ná langvarandi stöðugleika og varanlegu jafnvægi í íslensku atvinnu- og efnahagslífi. Við viljum að hér sé starfað af heilbrigðum þjóðarmetnaði að því marki að Íslendingar séu og verði í fremstu röð um lífstækifæri, menningu og þjóðlíf að öllu leyti. Við viljum leggja þjóðarmetnað í að framfylgja langvarandi stöðugleika, batnandi lífsgæðum og framúrskarandi umhverfisstefnu. Og enn sem fyrr eru kjörorð okkar: vinna, vöxtur og velferð.

Ágætu félagar

Ég hef nefnt fjöldamörg stefnuatriði í þessari ræðu en það er ykkar að móta sameiginlega stefnu flokksins. Ég ætla þó að leyfa mér að hnykkja á nokkrum atriðum sem ég tel að næsta ríkisstjórn eigi að sinna.

Við eigum að skoða það að fela sveitarfélögum umsjá velferðarkerfanna, málefna aldraðra, fatlaðra og öryrkja, og veita þeim þá samsvarandi

tekjur. Áfram verður að bæta hag aldraðra og annarra lífeyrisþega. Við þurfum líka að gera átak í málefnum barna. Aðild aldraðra að stefnumótun í málefnum þeirra er mikilsverð. Endurskoða verður verðlagningu á lyfjum og tannlæknakostnað barna. Það þarf að eyða öllum efasemdum um réttlæti við álagningu fjármagnstekjuskatts og hækka innheimtulágmark svo að hann leggist ekki á sparifé lágtekjufólks. Vissulega kemur til greina að sá hluti lífeyrisgreiðslna sem stafar af fjármagnstekjum verði skattlagður eftir því. Umfangsmiklum einkavæðingum á nú að vera lokið um sinn. Þetta á við um Landsvirkjun, Íbúðalánasjóð og Ríkisútvarpið sem áfram verða í þjóðareigu. Það þarf átak í byggðamálum þar sem íbúafækkun er mest, á Vestfjörðum, Norðvestur- Norðaustur- og Suðausturlandi og í Vestmannaeyjum. Við þurfum að styrkja aðgerðir gegn fákeppni og yfirburðastöðu einstakra fyrirtækja á markaði. Nýr fjarskiptastrengur til annarra landa er grundvallaratriði, svo og háhraðatengingar. Efla þarf kvikmyndagerð á Íslandi enda hefur reynslan staðfest gildi og möguleika hennar.

Framsóknarmenn leggja áherslu á samfylgd og samstöðu allrar þjóðarinnar. Þess vegna viljum við ekki að ójöfnuður aukist í samfélagi okkar til frambúðar. Mikil og ánægjuleg umbreyting hefur orðið í hagkerfi Íslendinga, en það þarf líka að huga að tekju- og eignaskiptingu og byggðaþróun.

Þessir þættir skera sig úr að mikilvægi á næstu árum: Í fyrsta lagi fjölskyldu- og velferðarmál, í öðru lagi atvinnuöryggi og byggðamál, í þriðja lagi auðlindir og náttúruvernd, í fjórða lagi þróun menntunar og nýsköpunar, og í fimmta lagi, síðast en ekki síst, jafnvægi og stöðugleiki í atvinnu- og efnahagsmálum.

Allt þetta sýnir að erindi framsóknarmanna við íslensku þjóðina er afar brýnt. Hin gömlu gildi framsóknarmanna eiga djúpar íslenskar rætur. Þau eru síung og sígild. Um leið og við endurnýjum og endurnýjumst skulum við líka standa vörð um framsóknargildin á nýrri öld.

Góðir framsóknarmenn, kæru vinir

Framsóknarmenn eru þeir sem þeir segjast vera. Þjóðin þekkir störf og áræði framsóknarmanna. Ég veit að ábyrgir kjósendur hugsa sig um áður en þeir kjósa og ég treysti því að þeir muni ekki hafna málflutningi framsóknarmanna heldur veita Framsóknarflokki brautargengi.

Við kjósendur alla segi ég þetta: Verkefni stjórnáráðmanna er að búa fjölskyldunni það umhverfi og þá umgjörð að hún fái notið sín, – börnunum, ungu fólki, foreldrunum, ömmum og öfum. Við eigum að búa þeim menningarlegt vinsamlegt umhverfi.

Íslendingar eiga ungt kraftmikið og vel menntað fólk sem sækir fram á öllum sviðum þjóðlífsins og langt út fyrir landssteinana. Við verðum að skapa öllum tækifæri til menntunar sem jafnast á við það sem best gerist. Okkar er að skapa fólkinu tækifærin til menntunar, til fjölbreyttra vel launaðra starfa, til menningar- og félagslífs og skapandi starfsferils. Við eigum að skapa ytri skilyrði til sóknar á öllum sviðum. Við sjáum gríðarlega möguleika í samfélagi framtíðarinnar, samfélagi jafnra tækifæra.

Við framsóknarmenn erum á leiðinni þangað – verið með okkur á miðjunni.